

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2014
Tilvísun: 201409073

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum nr. 81/2004, með síðari breytingum

Skipulagsstofnun vísar til erindis atvinnuveganefndar Alþingis frá 26. september 2014 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum nr. 81/2004, með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun telur þær breytingar sem lagðar eru til jákvæðar, en bendir á eftirfarandi varðandi orðalag 2. greinar frumvarpsins.

Með 2. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á 6. gr. laga nr. 81/2004. Samkvæmt lokamálslið 4. mgr. 6. gr. er fyrirhugað að beiðni sveitarfélaga um breytingu á landnotkun skuli berast ráðherra skriflega ásamt skipulagstillögu og nauðsynlegum gögnum.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að ásamt skriflegri beiðni sveitarfélags til ráðherra um breytingu á landnotkun sé æskilegt að sveitarfélag skili lýsingu á skipulagstillögu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða lengra mótaðri skipulagstillögu sem varðar viðkomandi land.

Skipulagsstofnun mælir með því að orðalagi greinarinnar verði breytt þannig að skýrt sé, eins og fram kemur í athugasemdum, að nægilegt er að leggja fram lýsingu samkvæmt 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga, þótt einnig sé heimilt að leggja fram lengra mótaða skipulagstillögu. Lagt er til að ákvæðið hljóði svo:

„Beiðni sveitarfélaga skal berast ráðherra skriflega, ásamt lýsingu á skipulagsverkefni eða skipulagstillögu og nauðsynlegum gögnum.“



Ottó Björgvin Óskarsson